

59 konar samningi frá hinni konunglegu
30. des. sænsku ríkisstjórn.

Til staðfestu hefir undirskrifaður samkvæmt þaraðlútandi umboði ritað nafn sitt og sett innsigli sitt undir samning þenna.

Denna deklarasjon skall utvæxlas mot en liknande deklarasjon av Kungl. isländska regeringen.

Till ytermæra visso har underteeknad, dærtill vederböriligen bemyndigad, underskrivit och med sitt sigill försett detta avtal.

Kaupmannahöfn, 23. mars 1921.

Í umboði Íslands.

(sign.) *Harald Scavenius.*

Köpenhamn, den 23. mars 1921.

(sign.) *Joachim Bech Friis.*

Þetta er hjermeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 30. desember 1924.

Jón Magnússon.

AUGLÝSING

60
30. des.

um

samning milli konungsríkisins Íslands og hins sameinaða konungsríkis Bretlands hins mikla og Írlands, um endurnýjun á sáttmála, er undirritaður var í London 25. október 1905, um gerðardóm í nokkrum málum.

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur og Hans hátign konungur hins sameinaða konungsríkis Bretlands hins mikla og Írlands og hinna bresku landa handan hafanna, keisari Indlands, sem hafa undirritað sáttmálann um að ráða friðsamlega fram úr þrætum þjóða á milli, sem gerður var í Haag 29. júlí 1899;

Hafa með hliðsjón af því, að hinir háu samningsaðilar hafa í 19. gr. greinds sáttmála áskilið sjer að gera samninga um að skjóta til gerðar öllum

His Majesty the King of the United Kingdom of Great Britain and Ireland and of the British Dominions beyond the Seas, Emperor of India, and His Majesty the King of Iceland and Denmark, signatories of the Convention for the pacific settlement of international disputes, concluded at The Hague on the 29th July, 1899;

Taking into consideration that by Article 19 of that Convention the High Contracting Parties have reserved to themselves the right of concluding Agreements, with a view to referring

þeim málum, sem þeir álíti kleyft að láta fara með á slíkan hátt,

Skipað sem umboðsmenn sína :

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur: herra Preben Ahlefeldt Laurvig greifa, sjerlegan sendiherra Hans hátignar og ráðherra með umboði við hirð Hans bresku hátignar; og

Hans hátign konungur hins sameinada konungsríkis Bretlands hins mikla og Írlands og hinna Bresku landa handan hafanna, keisari Indlands: the Right Honourable Marquess Curzon of Kedleston, K. G., fyrsta ríkisritara Hans hátignar fyrir utanríkismálin;

En þeir hafa, eftir að hafa tjáð hvor öðrum umboð sín, sém reyndust vera í góðu og rjettu formi, komið sjer saman um það sem hjer fer á eftir: —

1. gr.

Hinir háu samningsaðiljar endurnýja hjermeð að því er Ísland snertir fyrir 5 ára tímabil í viðbót frá 4. maí 1921 að telja, sáttmála þann, sém undirritaður var í London 25. október 1905 um að láta gerðardóm skera úr vissum flokkum mála, sem upp kunna að koma milli stjórna beggja ríkjanna.

2. gr.

Sáttmála þenna skal staðfesta og skal skiftast á staðfestingarskjölunum í London svo fljótt sem auðið er.

to arbitration all questions which they shall consider possible to submit to such treatment,

Have named as their Plenipotentiaries:

His Majesty the King of the United Kingdom of Great Britain and Ireland and of the British Dominions beyond the Seas, Emperor of India: the Right Honourable Marquess Curzon of Kedleston, K. G., His Majesty's Principal Secretary of State for Foreign Affairs; and

His Majesty the King of Iceland and Denmark: Count Preben Ahlefeldt Laurvig, His Majesty's Envoy Extraordinary and Minister Plenipotentiary at the Court of His Britannic Majesty;

Who, after having communicated to each other their respective full powers, found in good and due form, have agreed as follows: —

Article 1.

The High Contracting Parties renew as far as Iceland is concerned, for a further period of 5 years, dating from the 4th May 1921 the Convention signed at London on the 25th October, 1905, for the settlement by arbitration of certain classes of questions which may arise between the two Governments.

Article 2.

The present Convention shall be ratified, and the ratifications exchanged at London as soon as possible.

60 Útgefið í tveim eintökum í London, Done in duplicate at London the 1st
 30. des. hinn 1. maí 1922. of May, 1922.
 Í umboði Íslands.
P. F. Ahlefeldt-Laurvig. Curzon of Kedleston.
 (L. S.) (L. S.)

Þetta er hjermeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 30. desember 1924.

Jón Magnússon.

61
 30. des.

AUGLÝSING

um

ákvæði, er stjórn Íslands og sambandsstjórn Austurríkis hafa orðið ásáttar um að gilda skuli um verslunarviðskifti milli landanna.

Stjórn Íslands og sambandsstjórn Austurríkis hafa með brjefum 27. og 30. júní 1923 komið sjer saman um að gilda skuli, þangað til fullnaðarsamningur er gerður, ákvæði verslunar- og siglingarsamnings þess, er gerður var milli Danmerkur og Austurríkis—Ungverjalands 14. mars 1887, með þeirri breytingu, að uppsagnarfresturinn, sem ræðir um í 6. gr. nefnds samnings, færist niður í 3 mánuði

Þetta er hjermeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 30. desember 1924.

Jón Magnússon.

62
 30. des.

AUGLÝSING

um

ákvæði, er stjórn Íslands og Portúgals hafa orðið ásáttar um, að gilda skuli um verslunarviðskifti milli landanna.

Stjórnir Íslands og Portúgals hafa með brjefum 9. apríl og 9. maí 1923 komið sjer saman um að gilda skuli í viðskiptum milli landanna ákvæði samn-